

Til nemenda og forráðamanna

\*English below

Ný reglugerð um takmörkun á skólastarfi felur í sér ákveðna afléttingu hafta. Grímunotkun er ekki lengur skylda nema þegar ekki er hægt að hafa a.m.k. eins metra bil á milli manna og fleiri mega koma saman í einu rými. Við mælumst samt til áframhaldandi grímunotkunar innan skólans þar sem nám og kennsla í myndlist kallar oft á meiri nánd en nemur þessum eina metra. Börn á grunnskólaaldri eru sem fyrr undanþegin nálægðartakmörkunum og grímuskyldu en kennarar og starfsfólk þarf að gæta þess að nota grímu þegar ekki er hægt að hafa metrann á milli. Gestir eru nú velkomnir í húsið á ný með ofangreindum takmörkunum. Kaffistofan verður nú opin nemendum en eins og verið hefur er óheimilt að nota tæki og áhöld í eldhúsinu. Áfram þarf því hver og einn að koma með sitt nesti tilbúið í skólann og neyta þess með eigin áhöldum. Áður en kaffistofan er yfirgefin þarf hver hópur eða kennari hóps að sótthreinsa borð, stól og aðra snertifleti eftir sig. Reglugerðin tók gildi miðvikudaginn 10. maí og gildir til og með 26. maí.

Við hvetjum til áframhaldandi varúðar.

Áslaug Thorlacius, skólameistari

To students and guardians of students

A relaxation of COVID-19 measures has been announced by the Icelandic government. The use of masks is no longer mandatory unless a one meter's distance between people is impossible to maintain and now more people may come together in one space. We still recommend the use of masks within the school, as learning and teaching art often requires more closeness than in other subjects. Children of primary school age are still exempt from the restriction of proximity and the obligation to wear masks but teachers and staff must be careful to use a mask when it is not possible to maintain a distance of one meter. Guests are now welcome in the house again with the above restrictions. The student canteen will now be open. As before, the use of any of the kitchen's appliances and utensils is not allowed, so students will continue to bring their own food and drinks to school and use their own utensils. Before leaving the canteen each group or its teacher must disinfect tables, chairs and other contact surfaces. The regulation came into force on May 10th and is valid until May 26th.

We urge continued caution.

Áslaug Thorlacius, Headmaster